

Skólaráðsfundur 8.febrúar 2017

Mætt: Bryndís, Kristín, Eva Brá, Freyja og Þrúður,

1. Erasmus- verkefni: Þrúður sagði frá verkefni sem Krikaskóli er þáttakandi í ásamt Svíþjóð, Finnlandi og Wales. Fyrsta kennaraheimsókn er í næstu viku og þá fara þrír fulltrúar Krikaskóla til Finnlands.
2. Sumarorlof leikskóla Mosfellsbæjar 10.júlí til 4.ágúst 2017. Sumarskólinn verður á Reykjakoti sama tímabil.
3. Kjarasamningur FG og bókun 1. Þrúður sagði frá vinnu sem er að fara af stað í skólanum og hjá sveitarfélaginu.
4. Lok skólaársins voru rædd. Enn nýtt fyrirkomulag á starfendarannsóknum grunnskólakennara. Sett verður upp þemavika fyrir börnin 12.-16.júní og umsjónarkennarar sinna starfendarannsóknum á þeim tíma. Vikuna á eftir eða 19.-23. Júní taka aðrir kennarar sína starfendarannsókn.
5. Foreldrafélagið fundaði í gærkvöldi og tók ákvörðun um að færa myndatökur til hausts frá vori eins og hefur verið. Leiksýning verður í boði þeirra í maí fyrir öll börnin í skólanum. Sveitaferð verður í boði foreldrafélagsins í vor á laugardegi – þar sem öllum verður boðið að koma saman og njóta.
6. Þrúður sagði frá leyfum grunnskólabarna það sem af er skólaárinu enn það sem af er árinu hafa börnin verið frá skóla í leyfum í 213 daga. Grunnskólabörnin eru núna 106 en í raun eru þau 52 börn sem þessi leyfi skiptast á.
7. Þrúður upplýsti einnig að mikil veikindi hafa verið í skólanum. Um 20 börn á dag frá liðinni viku. Eins hafa fullorðnir verið frá vinnu vegna eigin veikinda og veikinda barna sinna.

Skráð: Þrúður